

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði:

1. Umferð:

- Á Garðavegi er einstefnuakstur til vesturs.
- Umferð um Óseyrarbraut og Fornubúðir nýtur forgangs fyrir umferð frá Óseyrarbryggju (biðskylda.)
- Umferð um Smyrlahraun nýtur forgangs fyrir umferð frá Álfaskeiði (biðskylda.)

2. Bifreiðastöður:

Bifreiðastöður eru bannaðar við gangstéttir eftirtalinna gatna:

Hellisgötu, Móabarðs, Selvogsgötu, Smyrlahrauns neðan Arnarhrauns og Vesturbrautar.

Einnig eru bifreiðastöður bannaðar við gangstéttir Suðurgötu frá Lækjargötu að norðan að Sniðgötu að sunnan, nema þar sem merkingar við gangstéttir gefa annað til kynna.

Bifreiðastöður eru leyfðar við framantaldar götur gegnt gangstéttum þar sem aðstæður leyfa.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 5. desember 1977.

Einar Ingimundarson.

14. desember 1977.

Nr. 440.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akraneskaupstað, nr. 57 21. mars 1963.

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. orðist svo:

Ökuhraði bifreiða á götum bæjarins má þó aldrei fara fram úr 45 km á klst., nema um sé að ræða sjúkrabifreiðir, lögreglubifreiðir eða slökkvibifreiðir.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraness hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. desember 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.